

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

#### *Breyting deiliskipulags Dals 2.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 5. október 2021 óverulega breytingu deiliskipulags Dals 2.

Breytingin gerir ráð fyrir að parhúsalóðirnar við Ystadal 6-8 og Miðdal 17-19 verði gerðar að einni raðhúsalóð þar sem heimilt verður að byggja níu íbúða raðhús. Ný lóð verður við Árdal 2-18.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breyting deiliskipulags Leiru 1.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 18. nóvember 2021 óverulega breytingu deiliskipulags Leiru 1.

Breytingin felst í að lóðirnar við Leirubakka 4 og Leirukrök 4 eru sameinaðar í eina lóð, Leirubakka 4. Lóðin er einnig stækkuð til suðurs og vegi hnikað til sem því nemur. Skilmálar fyrir Leirukrök 4 verða felldir út og á svæðinu verður heimild til að byggja þurrgeymslu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 23. nóvember 2021.*

**Jón Björn Hákonarson** bæjarstjóri.